

AUGLÝSING

101

28. júní

um samkomulag milli Íslands og Bretlands um afnám vegabréfsáritana.

Með erindum, dags. 20. júní 1947, hafa sendiherra Íslands í London og utanríkisráðherra sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands gert samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara annars landsins, sem ferðast vilja í hinu. Samkomulag þetta breytir ekki reglum þeim, sem gilda um landgöngu-, dvalar- og atvinnuleyfi.

Samkomulagið gengur í gildi hinn 1. júlí 1947.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. júní 1947.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

102

8. júlí

um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að breyta nú þegar gildandi lögum, nr. 116 frá 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla. Með þeim lögum er fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, heimilað að gefa út 1 krónu seðla, allt að 500 þús. kr., er komi í stað málmskiptimyntar, meðan hörgull er á henni.

Eins og kunnugt er, óx mjög þörf fyrir skiptimynt hér við komu hinna erlendu setuliða og vaxandi verðbólgu, en mynt fékkst ekki slegin utanlands vegna styrjaldarástandsins.

Fjármálaráðuneytið á í pöntun í Englandi 1 og 2 kr. peninga, sem ekki munu fást til landsins fyrr en í fyrsta lagi á komandi hausti.

Hins vegar virðist þörf aldrei hafa verið meiri en nú fyrir skiptimynt og er því nauðsyn á að hækka framangreinda lagaheimild úr kr. 500 þús. í kr. 1000000.00.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „500 þús. kr.“ í 1. mgr. laganna komi: kr. 1000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 8. júlí 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.